

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli Lindargötu
101 Reykjavík

sent á samráðsgátt

Reykjavík, 1. maí 2020

Efni: Umsögn um Vegvísi Nordic Smart Government, (mál nr. 69/2020)

Samtök atvinnulífsins (SA) og Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) og Litla Ísland, hér eftir nefnd samtökin, hafa tekið til umsagnar ofangreint mál sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 12. mars sl.

Nordic Smart Government er samstarfsverkefni um einföldun rekstrarumhverfis lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Norðurlöndum. Vegvísirinn er afurð þriðja áfanga verkefnisins sem miðar að því að gera fyrirtækjum og stofnunum kleift að miðla og sækja viðskipta- og bókhaldsgögn á sjálfvirkan, snjallan og öruggan hátt í því sem næst rauntíma.

Samtökin fagna verkefninu og telja stafrænu úrræðin sem þar eru kynnt tímabær. Hröð stafræn þróun hefur umbylt flestum sviðum atvinnulífs og samfélagsins í heild. Fyrirtæki vinna að því að sjálfvirknivæða þjónustu sína og ný kynslóð viðskiptavina kys að sinna viðskiptum með stafrænum hætti. Samskonar þróun á sér stað í opinberri þjónustu með aukinni stafrænni stjórnsýslu.

Að mati samtakanna er nauðsynlegt að endurskoða reglulega lög og reglur og eru bókhaldsreglur þar ekki undanskildar, sérstaklega á tímum örrar tækniþróunar. Þannig er tímabært að endurskoða með hvaða hætti bókhaldsgögn eru geymd en það er tímaskekkja að halda utan um þau á pappírformi. Sú stafræna stöðlun á formi gagna sem boðuð er í vegvísinum er því mikilvægt skref í rétta átt.

Vegna stafrænnar þróunar geta fyrirtæki nú, auk útgáfu reikninga á pappírformi og á rafrænu formi úr viðurkenndu bókhaldskerfi (PDF), gefið út og móttækið reikninga á stöðluðu rafrænu formi (skeytamiðlun). Stærri fyrirtæki hafa mörg hver innleitt skeytamiðlun inn í sín bókhaldskerfi en þorri lítilla og meðalstórra fyrirtækja eru enn í rafrænni reikningagerð. Innleiðing skeytamiðlunar fyrir reikningagerð (og síðar fyrir aðra þætti bókhalds) er mörgum fyrirtækjum framandi og erfið í framkvæmd vegna kostnaðar við innleiðingu rafrænna lausna í bókhaldskerfi.

Samhliða kröfu um innleiðingu rafrænna lausna þarf því að fylgja fræðsla til fyrirtækja sem og einföldun á innleiðingu. Styðja þarf við þróun bókhaldskerfa þannig að lausnir verði einfaldar í innleiðingu og á viðráðanlegu verði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

Samtökin hafa beitt sér fyrir því að aðgengi upplýsinga frá opinberum aðilum verði tryggt. Þannig verði aðgengi fyrirtækja að opinberum upplýsingum aðgengilegra til hagsbóta fyrir viðskiptavinum fyrirtækjanna. Sem dæmi má nefna að rík þörf hefur myndast fyrir aðgengi

fjármálafyrirtækja að upplýsingum frá hinu opinbera fyrir hönd viðskiptavina þeirra en gjaldtaka ríkisins miðast oft við afhendingu á pappír. Í því samhengi verða opinberir aðilar að halda kostnaði við afhendingu upplýsinga í lágmarki og miða gjaldtökuna við raunverulegan kostnað við afhendingu með stafrænum hætti svo að hagræði viðskiptavina af þjónustu fyrirtækja sé eitthvað. Samhliða innleiðingu vegvísisins er því mikilvægt að endurskoða gjaldtökuheimildir ríkisstofnana til að tryggja að þær taki mið af markmiði nýlegra laga um endurnot opinberra upplýsinga nr. 45/2018 sem er að auka endurnot opinberra upplýsinga til hagsbóta fyrir samfélagið í heild. Vegvísirinn gerir ráð fyrir því að hvert fyrirtæki geymi viðskiptagögn í eigin kerfum og deili þaðan upplýsingum, m.a. með stjórnvöldum. Að mati samtakanna er mikilvægt að þetta gangi í báðar áttir, þannig að fyrirtæki geti sótt gögn í rauntíma frá stjórnvöldum án mikils tilkostnaðar.

Almenningur væntir þess að geta sinnt viðskiptum hvar og hvenær sem er. Því er mikilvægt að lagaumhverfið geri fyrirtækjum kleift að aðlaga sig að breyttri tækni. Vegvísir Nordic Smart Government er jákvætt skref í þeirri þróun og samtökin hvetja því eindregið til þess að verkefnið hljóti skjóta framgöngu að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Heiðrún Björk Gísladóttir

f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja



Jóna Björk Guðnadóttir

f.h. Litla Íslands



Ingibjörg Björnsdóttir